

## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/14/28

frá 7. apríl 2004

## um sameiginlegt, evrópskt eyðublað fyrir leyfisskjöl sem eru gefin út í samræmi við tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja (\*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 1279)

(2004/358/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlíð 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 4) Járnbrautarleyfi, sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum tilskipana 95/18/EB og 2001/13/EB, gilda einnig á Evrópska efnahagssvæðinu með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2001 frá 28. september 2001 með breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn <sup>(5)</sup>. Leyfi, sem eru gefin út á Evrópska efnahagssvæðinu, gilda með sama hætti í gervöllu Bandalaginu á grundvelli sömu ákvörðunar.
- 1) Í 4. gr. tilskipunar ráðsins 95/18/EB frá 19. júní 1995 um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/13/EB frá 26. febrúar 2001 <sup>(2)</sup>, er kveðið á um að leyfi skuli gilda á öllu yfirráðasvæði Bandalagsins og skv. 8. mgr. 11. gr. ber aðildarríkjunum að tilkynna framkvæmdastjórninni um leyfi sem gefin hafa verið út, felld tímabundið úr gildi, afturkölluð eða breytt og framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um það þegar í stað. Sameiginlegt snið fyrir leyfisskjöl og tilkynningar um leyfi myndi því greiða fyrir starfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og auðvelda öllum hagsmunaaðilum aðgang að upplýsingum um leyfi, einkum leyfisyfirvöldum og stjórnendum grunnvirkja.
- 2) Tilskipun 2001/13/EB útvíkkar skyldur aðildarríkjanna til að veita járnbrautarleyfi, ekki aðeins þeim járnbrautarfyrirtækjum, sem veita þjónustu skv. 10. gr. tilskipunar ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta í Bandalaginu <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/12/EB <sup>(4)</sup>, heldur öllum viðeigandi járnbrautarfyrirtækjum. Járnbrautarleyfi munu þar af leiðandi öðlast almennari viðurkenningu og notkun þeirra verða almennari innan Bandalagsins.
- 3) Tilskipun 2001/12/EB veitir járnbrautarfyrirtækjum með leyfi aðgang að samevrópska járnbrautarflutninganetinu í því skyni að starfrækja alþjóðlega vöruflutninga frá 15. mars 2003 og að öllu járnbrautarnetinu frá 15. mars 2008. Aðildarríkin munu í auknum mæli skiptast á upplýsingum um leyfi og hafa eftirlit með að járnbrautarfyrirtæki, sem nýta sér þennan aðgangsrétt, hafi gilt leyfi og því er þörf á að staðla leyfisskjalið og upplýsingar um leyfi og gera þær aðgengilegri.
- 5) Allar nauðsynlegar upplýsingar sem staðfesta að tiltekið járnbrautarfyrirtæki hafi viðurkennt leyfi til að stunda tiltekna tegund járnbrautarflutninga eiga að rúmast á stöðluðu, einnar síðu skjali. Staðlað snið fyrir leyfisskjal myndi auðvelda útgáfu allra viðeigandi upplýsinga um leyfi á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar. Unnt verður að breyta staðlaða sniðinu síðar meir eftir því hver reynslan verður af notkun þess og hvort þörf verði á frekari upplýsingum um leyfi.
- 6) Kröfurnar í 9. gr. tilskipunar 95/18/EB um tryggingar eða samsvarandi ráðstafanir, sem ná til tryggingar vegna bótaábyrgðar, geta þó verið breytilegar frá einu aðildarríki til annars, sem miðast við innlend lög, og því skal færa sönnur á að járnbrautarfyrirtækið uppfylli þessar innlendu kröfur með því að bæta viðauka við leyfisskjalið. Ef lagaskilyrði varðandi fjárhagslega tryggingu vegna bótaábyrgðar gera slíkt nauðsynlegt skal bæta við sérviðauka fyrir hvert aðildarríki þar sem járnbrautarfyrirtæki með leyfi nýta sér rétt til aðgangs.
- 7) Til viðbótar við kröfur tilskipunar 95/18/EB er aðildarríki heimilt að setja ákvæði í innlend lög og reglur um járnbrautarfyrirtæki, eins og lýst er í 12. gr. tilskipunar 95/18/EB. Heimilt er að vísa til þessara ákvæða í leyfisskjalinu en ekki skal gerð krafa um að þau skuli send framkvæmdastjórninni í tengslum við staðlaða leyfisskjalið. Þó skal tekið fram í því skjali að þau séu til og að þau séu aðgengileg ef framkvæmdastjórnin óskar eftir þeim.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarífsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 28.7.2005, bls. 23.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 143, 27.6.1995, bls. 70.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 75, 15.3.2001, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 237, 24.8.1991, bls. 25.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 75, 15.3.2001, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB L 322, 6.12.2001, bls. 32.

- 8) Ákvæði þessara tilmæla hafa verið lögð fyrir nefndina um þróun evrópsku járnbrautanna (The Developing European Railways Committee) sem komið var á fót skv. 11. gr. a í tilskipun 91/440/EBE og skv. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB frá 26. febrúar 2001 um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og álagningu gjalda fyrir notkun á járnbrautargrunnvirkjum og fyrir öryggisvottun <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/844/EB <sup>(2)</sup>. Nefndin hefur skilað jákvæðu álit á tilmælunum.
- 9) Ef aðildarríkin setja reglur um snið járnbrautarleyfanna, við beitingu krafna í tilskipun 95/18/EB, skulu þær byggjast á staðlaða sniðinu.
- 10) Leyfisfyrirvald aðildarríkis sendir viðkomandi járnbrautarfyrirtæki og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna upplýsingar um útgáfu, tímabundna ógildingu og afturköllun járnbrautarleyfa, svo og um breytingar á þeim, og notar til þess staðlað snið leyfisskjalsins.

## LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. Leyfisskjöl, sem eru gefin út í samræmi við tilskipun 95/18/EB, skulu vera á staðlaða sniðinu sem sett er fram í I. viðauka við þessi tilmæli.

Ef tilteknu leyfi er breytt, felld tímabundið úr gildi, afturkallað eða bráðabrigðaleyfi gefið út í stað þess skal gefa út skjal á staðlaða sniðinu.

2. Leggja skal sönnun um að járnbrautarfyrirtæki með leyfi uppfylli innlendar kröfur um tryggingar, eða hafi gert sambærilegar ráðstafanir vegna tryggingar vegna bótaábyrgðar, fram í viðauka við leyfisskjalið og skal nota staðlaða sniðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessi tilmæli.
3. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. apríl 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti.*

<sup>(1)</sup> Stjóð. EBL 75, 15.3.2001, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjóð. EBL 289, 26.10.2002, bls. 30.

*I. VIÐAUKI***Staðlað snið fyrir járnbrautarleyfi**

Hér á eftir er mælt fyrir um staðlað snið fyrir járnbrautarleyfisskjalið ásamt skýringum og leiðbeiningum sem eru nauðsynlegar fyrir þann sem notar eyðublaðið.



### LEYFI TIL AÐ STUNDA JÁRNBRAUTARFLUTNINGA

innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt tilskipun 95/18/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/13/EB, og viðeigandi landslögum.

#### 1. Útgáfuríki leyfis

Útgáfuríki	<input type="checkbox"/> Nýtt leyfi <input type="checkbox"/> Breytt leyfi
Innlent leyfisnúmer	Tilvísunarnúmer ákvörðunar
Gildandi löggjöf	
Leyfisyfirvald	Símanúmer
Póstfang	Bréfasímanúmer
Póstnúmer og borg	Netfang

#### 2. Leyfishafi

Járnbrautarfyrirtæki	Símanúmer
Póstfang	Bréfasímanúmer
Póstnúmer og borg	Tölvupóstfang
Skráning nr.	Virðisaukaskattsnúmer

#### 3. Gildistími

Gildir frá	Bráðabirgðaleyfi <input type="checkbox"/> JÁ <input type="checkbox"/> NEI
Tegund þjónustu: <input type="checkbox"/> vörur <input type="checkbox"/> farþegi	Ef já, gildir til
Fellt tímabundið úr gildi hinn	Afturkallað hinn

#### 4. Breytingar

Breytt hinn
Lýsing á breytingu

#### 5. Skilyrði og skuldbindingar

Skilyrði skv. 2. mgr. 10. og/eða 12. gr. tilskipunar 95/18/EB skulu tilgreind hér eða vísað á þann stað þar sem gögnin eru tiltæk
---

Dagsetning

Undirskrift

Nafn

EB-númer leyfistilkynningar

**Skýringar og notkunarleðiðbeiningar**

Mælt er fyrir um viðeigandi löggjöf ESB í tilskipun ráðsins 95/18/EB frá 19. júní 1995 um veitingu leyfa til járnbrautafyrirtækja (Stjtið. EB L 143, 27.6.1995, bls. 70) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/13/EB frá 26. febrúar 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautafyrirtækja (Stjtið. EB L 75, 15.3.2001, bls. 26).

Járnbrautarleyfi, sem eru gefin út samkvæmt ákvæðum tilskipana 95/18/EB og 2001/13/EB, gilda einnig á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 32). Leyfi, sem eru gefin út á Evrópska efnahagssvæðinu, gilda með sama hætti í gervöllu Bandalaginu á grundvelli sömu ákvörðunar.

Í hvert sinn sem ákvörðun er tekin varðandi tiltekið járnbrautafyrirtæki með leyfi, þ.e. að breyta, fella tímabundið úr gildi, afturkalla eða gefa út bráðabirgðaleyfi í stað varanlegs leyfis, skal leggja fram nýtt skjal.

Viðauki um fjárhagslega tryggingu vegna bótaábyrgðar skal alltaf fylgja leyfisskjali.

Greinargóðar skýringar hér á eftir vísa til númeruðu reitanna á eyðublaðinu. Vísað er til greina í tilskipun 95/15/EB.

- Útgáfuríki leyfis.** Ætíð skal koma fram hvort tiltekið skjal varðar nýtt leyfi eða breytingar á gildandi leyfi. Sú löggjöf sem gildir í útgáfuríki skal auðkennd með tilvísun til laga eða annarra lagaákvæða. Færa skal inn kenninúmer leyfis, sem er notað í útgáfuríkinu, og, þar sem við á, tilvísunarnúmer ákvörðunar yfirvalda eða aðra viðeigandi tilvísun. Leyfisyfirvöld eru tilnefnd af hálfu aðildarríkjanna skv. 3. gr. Yfirvöldin skulu auðkennd þannig að hagsmunaaðilar geti náð sambandi við viðkomandi aðila. Símanúmer skal vera símanúmer viðkomandi skiptiborðs, þar sem við á, en ekki beint símanúmer þess einstaklings sem ber ábyrgð á leyfisútgáfu. Síma- og bréfasímanúmer skulu tilgreind með landsnúmeri. Tölvupóstfangið skal vera almennt tölvupósthólf yfirvaldsins.
- Leyfishafi.** Upplýsingar um hvernig unnt er að ná sambandi við leyfishafa skulu, á sama hátt og upplýsingar um yfirvaldið, fela í sér aðalheimilisföng járnbrautafyrirtækisins og ekki skal vísa beint á tiltekinn einstakling. Ef leyfishafi fær úthlutað fleiri en einu skráningarnúmeri samkvæmt landslögum er mögulegt að færa bæði virðisaukaskattsnúmerið og annað skráningarnúmer á eyðublaðið. Síma- og bréfasímanúmer skulu tilgreind með landsnúmeri.
- Gildistími.** Samkvæmt 10. gr. skal leyfi gilda svo framarlega sem járnbrautafyrirtækið uppfyllir skuldbindingar tilskipunarinnar. Sú endurskoðun, sem er leyfileg er skv. 1. mgr. 10. gr., gerir ekki kröfu um að leyfisskjalinu sjálfu sé breytt. Ef endurskoðun hefur í för með sér að leyfið er fellt tímabundið úr gildi, afturkallað eða því breytt skal tilgreina það í viðeigandi reitum og leggja fram nýtt skjal.  
  
Yfirvaldið, sem gefur út leyfið, skal tilgreina fyrsta gildisdag þess og þá tegund eða tegundir þjónustu sem leyfið gildir fyrir. Ef um bráðabirgðaleyfi er að ræða, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 11. gr., skal tilgreina lokagildisdag. Bráðabirgðaleyfi skulu ekki gilda lengur en í sex mánuði. Ef leyfi er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað skal færa dagsetningarnar á eyðublaðið. Dagsetningar skulu færðar á sameiginlega sniðinu „ddmmáá“.
- Breytingar.** Slik endurskoðun gæti haft í för með sér að leyfið taki breytingum og skal, í því tilviki, færa dagsetningu breytinganna í reitinn ásamt stuttri lýsingu á þeim. Dagsetningar skulu færðar á sameiginlega sniðinu „ddmmáá“.
- Skilyrði og skuldbindingar** Í 2. mgr. 10. gr. er tilgreint að heimilt sé að fella inn í leyfið sjálft sérákvæði um að fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það. Í því tilviki skal tilgreina ákvæðin í þessum reit. Í 12. gr. er kveðið á um viðbótarkröfur sem aðildarríkið má gera til járnbrautafyrirtækis samkvæmt landslögum og ákvæðum reglna. Vísa skal til þessara viðbótarkrafna eða ákvarðana yfirvalda í reitnum ef þær skipta máli fyrir leyfið.
- Undirskrift** Einstaklingur, sem hefur heimild til að taka ákvarðanir um leyfi, skal undirrita leyfisskjalið sem járnbrautafyrirtækinu er afhent. Afrit af undirritaða skjalinu ásamt rafrænni útgáfu þess skulu send framkvæmdastjórninni. Fyrir neðan undirskriftina skal skrifa skýrum stöfum nafn þess sem undirritar. Framkvæmdastjórnin skal gefa leyfistilkynningu EB-númer áður en leyfið er gefið út og tilkynna leyfisyfirvaldinu um númerið.

*II. VIÐAUKI***Staðlað snið fyrir tryggingaviðauka við járnbrautarleyfi**

Hér á eftir er mælt fyrir um staðlað snið fyrir viðauka við járnbrautaleyfisskjalið ásamt skýringum og leiðbeiningum sem eru nauðsynlegar fyrir þann sem notar eyðublaðið.



## Leyfi

## Númer tryggingarviðauka

## Fjárhagsleg trygging vegna bótaábyrgðar

að því er varðar leyfi til að stunda járnbrautarflutninga innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt tilskipun 95/18/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/13/EB, og viðeigandi landslögum.

## 1. Útgáfuríki leyfis

Útgáfuríki	Leyfisyfirvald
Innlent leyfisnúmer	Tilvísunarnúmer ákvörðunar
Gildandi löggjöf	

## 2. Leyfishafi

Járnbrautarfyrirtæki	
Skráningarnúmer	Virðisaukaskattsnúmer

## 3. Leyfisyfirvald sem samþykkir fjárhagslega tryggingu (ef um er að ræða annað leyfisyfirvaldið en í 1. lið)

Leyfisyfirvald	Simanúmer
Póstfang	Bréfasímanúmer
Póstnúmer og borg	Tölvupóstfang
Ríki	Gildandi löggjöf

## 4. Fjárhagsleg trygging vegna bótaábyrgðar

Fjárhagsleg trygging, fjárhæð	Sambærilegar ráðstafanir (stutt lýsing)
Landfræðileg tryggingavernd	
Gildir frá	Gildir til

## 5. Skilyrði og skuldbindingar

Innlend skilyrði skv. 2. mgr. 10. og/eða 12. gr. tilskipunar 95/18/EB skulu tilgreind hér eða vísað á þann stað þar sem gögnin eru tiltæk
---

Dagsetning

Undirskrift

Nafn

EB-númer leyfistilkynningar

**Skýringar og notkunarleiðbeiningar**

Skv. 9. gr. tilskipunar 95/18/EB skal járnbrautarfyrirtæki vera nægilega vel tryggt eða gera sambærilegar ráðstafanir um tryggingu, í samræmi við innlend lög eða alþjóðalög, vegna bótaábyrgðar ef slys ber að höndum. Hámarkstryggingarfjárhæð sú sem aðildarríkin fara fram á til að unnt sé að fullnægja þessum kröfum er breytileg í samræmi við innlenda löggjöf og aðrar kröfur í reglum. Trygging sem járnbrautarfyrirtæki kaupir í einu aðildarríki kann því að vera ófullnægjandi í öðru aðildarríki. Sá aðili sem gefur út leyfið skal þar af leiðandi láta viðauka fylgja leyfinu og skal hann vera með því sniði sem kveðið er á um í II. viðauka við þessi tilmæli. Fyrsta tryggingaviðauka skal gefið númerið einn (1) og leyfisyrvaldið skal leggja hann fram.

Leyfisyrvald í viðkomandi aðildarríki getur, með hjálp upplýsinganna í tryggingaviðaukanum, kannað hvort sú trygging, sem járnbrautarfyrirtækið keypti upphaflega og samþykkt var í ríkinu, sem gaf út leyfið, uppfylli skilyrði í hinu aðildarríkinu. Ef sú er ekki raunin er viðkomandi leyfisyrvaldi heimilt að fara fram á að járnbrautarfyrirtækið kaupi viðbótartryggingu, síðan leggur yrvaldið fram nýjan tryggingaviðauka við leyfið, þar sem notað er staðlaða sniðið í framangreindum II. viðauka, og gefur honum nýtt númer (2, 3, 4 o.s.frv.). Tekið skal fram að járnbrautarfyrirtækinu er skylt, skv. 5. gr. tilskipunar 95/18/EB, að sýna leyfisyrvaldinu fram á að það geti uppfyllt kröfurnar.

Greinargóðar skýringar hér á eftir vísa til númeruðu reitanna á eyðublaðinu. Vísað er til greina í tilskipun 95/18/EB:

- Útgáfuríki leyfis.** Hér skal endurtaka upplýsingarnar, sem fram koma í sjálfu leyfinu, til að unnt sé að sannreyna að um rétt leyfi sé að ræða. Leyfisyrvöld eru tilnefnd af hálfu aðildarríkjanna í samræmi við 3. gr. Þar sem viðaukinn er tengdur við leyfisskjal í samræmi við I. viðauka við þessi tilmæli er ekki nauðsynlegt að endurtaka allar upplýsingarnar um leyfisyrvöldin. Það er nóg að tilgreina heiti yrvaldanna.
- Leyfishafi.** Þar sem viðaukinn er tengdur við leyfisskjal er ekki nauðsynlegt að endurtaka allar upplýsingarnar um leyfishafann. Það er nóg að tilgreina nafn hans og mögulega skráningarnúmer.
- Leyfisyrvöld sem bera ábyrgð á viðurkenningu fjárhagslegrar tryggingar.** Ef sá aðili sem veitir járnbrautarfyrirtækinu leyfið leggur fram tryggingaviðaukann skal reitur vera óútfylltur. Ef leyfisyrvald í öðru aðildarríki hefur krafist viðbótartryggingaverndar og samþykkt hana skal færa í þennan reit viðeigandi upplýsingar um tengilið þess leyfisyrvalds. Sima- og bréfasímanúmer skulu tilgreind með landsnúmeri.
- Fjárhagsleg trygging vegna bótaábyrgðar.** Færa skal hámarkstryggingarfjárhæð, sem krafist er og samþykkt, í þennan reit og tilgreina gjaldmiðilinn sem hún er gefin upp í. Ef járnbrautarfyrirtæki hefur ekki keypt neina tryggingu heldur sýnir fram á tryggingavernd sína með sambærilegum ráðstöfunum (t.d. fjárhagslegri tryggingu) skal útskýra um hvers konar vernd er að ræða. Ef landfræðileg tryggingavernd er takmörkuð við tiltekið land eða svæði eða ef tiltekin lönd eða svæði eru sérstaklega undanskilin skal skýrt frá því. Færa skal inn fyrsta gildisdag tryggingarinnar. Járnbrautarfyrirtækinu ber skylda til að viðhalda tryggingum sínum vegna bótaábyrgðar. Leyfið gildir einungis að því tilskildu að járnbrautarfyrirtækið uppfylli þessa kröfu (5. gr.). Í undantekningartilvikum er hins vegar leyfilegt að kaupa tryggingu í takmarkaðan tíma. Í slíkum tilvikum er heimilt að skrá síðasta gildisdag tryggingarinnar. Dagsetningar skulu færðar á sameiginlega sniðinu „ddmmáá“. Leyfisyrvaldinu er heimilt að hafa eftirlit með því að járnbrautarfyrirtækið uppfylli kröfurnar (11. gr.). Ef fjárhagslegri tryggingu vegna bótaábyrgðar er breytt og lögð fram á ný fyrir leyfisyrvaldið skal semja nýjan viðauka í stað hins gamla.
- Skilyrði og skuldbindingar.** Heimilt er að tengja tryggingu vegna bótaábyrgðar við innlend skilyrði eða skuldbindingar sem járnbrautarfyrirtæki verður að fara að samkvæmt ákvæðum 12. gr. Í slíku tilviki skal það tilgreint í þessum reit.
- Undirskrift.** Skjalið, sem er sent járnbrautarfyrirtækinu, skal undirritað af hálfu einstaklings sem hefur leyfi til að samþykkja tryggingasamninga. Senda skal framkvæmdastjórninni afrit af undirritaða skjalinu. Senda skal framkvæmdastjórninni rafræna útgáfu skjalsins. Fyrir neðan undirskriftina skal skrifa skýrum stöfum nafn þess sem undirritar.
- EB-númer leyfistilkynningar.** Til að unnt sé að bera örugg kennsl á leyfishafa skal yrvaldið, sem samþykkir tryggingaverndina, færa EB-númer leyfistilkynningarinnar í viðaukann. Þegar nýtt leyfi er gefið út gefur framkvæmdastjórnin leyfistilkynningunni EB-númer og tilkynnir leyfisyrvaldinu um það.